

Reikningsskilaráð ríkisins

49. Fundur – 4. nóvember 2020 kl. 09:00

Fundargerð

Fundinn sátu:

- Reikningsskilaráð: Gunnar H. Hall, Ingbór Karl Eiríksson, Björn Þór Hermannsson, Ólafur Hjálmarsson og Anna Birgitta Geirfinnsdóttir.
- Fulltrúar ríkisendurskoðanda: Birgir Finnbogason og Ingi Kristinn Magnússon.
- Fundarritari: Kristinn Hjörtur Jónasson.
- Fundurinn fór fram á Teams.

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð 48. fundar samþykkt.

2. Erindi til ráðsins

Farið var yfir lokadrög að svari við erindi til ráðsins frá fjármála- og efnahagsráðuneytinu um flokkun og starfsemi HMS og ÍL sjóðs. Ákveðið að bíða með svör við hlutdeildarlánnum og var formanni falið að ganga frá bréfi til ráðuneytisins á þeim nótum.

3. Frestun staðla

Við gerð ríkisreiknings 2019 heimilaði reikningsskilaráð frestun á innleiðingu nokkurra staðla. Í bókun ráðsins sl. vor kom m.a. fram að fyrir 1. nóvember nk. eigi fjármála- og efnahagsráðuneytið og Fjársýsla ríkisins að leggja fram tímasetta áætlun fyrir reikningsskilaráð um hvernig unnið verður að því að uppfylla kröfur frestaðra staðla. Á fundinum var lagt fram minnisblað frá FJR og FJS þar sem gerð var grein fyriráætlun á innleiðingu frestaðra staðla.

4. Endurskoðunarskýrsla

Fulltrúar Ríkisendurskoðunar fóru yfir endurskoðunarskýrslu ríkisreiknings fyrir árið 2019.

5. Önnur mál.

Rætt var um vinnuhóp á vegum Fjármála- og efnahagsráðuneytis, Hagstofu Íslands, Fjársýslu ríkisins og Ríkisendurskoðunar sem mun meta væntanleg áhrif á ríkisfjármálin vegna endurflokkunar B- og C-hluta ríkisaðila í A-hluta. Fram kom að vinnuhópurinn mun koma saman fljótlega.

Ekki meira rætt og fundi slitið kl. 10:30

Næsti fundur verður á Teams miðvikudaginn 2. desember kl. 09:00